

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 14. mars 2024

Mál nr. S-1733/2023:

Ákærvaldið

(Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Mohamad Kourani

(Stefán Ragnarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 18. 1. 2024, er höfðað með þremur ákærum á hendur Mohamad Kourani, kt. 000000-0000, [...].

Fyrstu ákæru gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út 27. 6. 2023 og er hún „fyrir eftirtalin umferðar- og hegningarlaga brot:

1. Umferðarlaga brot með því að hafa, mánudaginn 26. september 2022, ekið bifreiðinni [...] án ökuréttinda um Hverafold í Reykjavík.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 58. gr., sbr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

2. Líkamsárás með því að hafa, fimmtudaginn 16. febrúar 2023, innandyra að [...], veist með ofbeldi að A, kt. 000000-0000, og hrint honum með því að ýta með báðum höndum í brjóstkassa A svo hann féll aftur fyrir sig á sófa með þeim afleiðingum að A hlaut mar á mjóbaki og mjaðmagrind og tognun og ofreymslu á lendarhrygg.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Aðra ákæru gaf héraðssaksóknari út 29. 6. 2023 og er hún „fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa fimmtudaginn 1. desember 2022, í fangageymslu á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113-115 í Reykjavík, hrækt á lögreglumann nr. B með þeim afleiðingum að hrákinn lenti fyrir ofan hné á hægri buxnaskálm lögreglumannsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Þriðju ákæru gaf héraðssaksóknari út 28. 11. 2023 og er hún „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum framin fimmtudaginn 23. febrúar 2023:

1. Fyrir brot gegn valdstjórninni og að gabba lögreglu með misnotkun hættumerkja, með því að hafa klukkan 23:15 sent svohljóðandi tölvupóst: „As the state knows, the bomb will explode today. Tell the police that the place is 5 km booby-trapped, and death is your end..... Understand, if you come close to me, I will offer all that I have collected for a long time for you. The man who means what he says“, úr netfanginu [...] á opinbert netfang lögreglustjórans á [...] og tilkynna þannig ranglega að sprengja væri á ótilgreindum stað í eða við starfsstöðvar embættis lögreglustjórans á [...] og hóta að sprengjan myndi springa þann daginn og hafa í för með sér dauða viðtakenda tölvupóstsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 120. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

(...)

2. Fyrir brot gegn valdstjórninni og að gabba lögreglu með misnotkun hættumerkja, með því að hafa klukkan 22:51 sent svohljóðandi tölvupóst „The place is rigged with explosives, your heads and the hearts of your children will explode“ úr netfanginu [...] á opinbert netfang bæjaryfirvalda [...], [...], sem móttekið var í Ráðhúsi [...] og tilkynna þannig ranglega að sprengja væri á ótilgreindum stað í eða við ráðhúsið og hótað með því starfsfólki í Ráðhúsi [...]. Hótunin leiddi til þess að húsið var rýmt að morgni næsta dags, eftir að tölvupósturinn var opnaður og lesinn, og þess að lögregla framkvæmdi sprengjuleit í húsnæðinu án árangurs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

(...)

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“ Málin voru sameinuð. Ríkissaksóknari fól héraðssaksóknara meðferð þeirra af hálfu ákæruvaldsins.

Ákærði neitar sök.

Málavextir

Fyrsta ákæra

Fyrri ákæruliður

Samkvæmt umferðareftirlitsskýrslu, sem lögregluþjónn 1 skrifar undir, var bifreiðinni [...] ekið á vegarkafli við Ölhúsið, Hverafold í Reykjavík, 26. 9. 2022 kl. 01:17. Í skýrslunni segir að ökumaður hafi verið ákærði og sé hann án ökuréttinda. Í skýrsluna er skráð að ákærði hafi á vettvangi neitað sök. Fram kemur í skýrslunni að auk lögregluþjóns 1 hafi lögregluþjónn 2 komið að málinu.

Samkvæmt útprentun úr ökutækjaskrá Samgöngustofu var ákærði skráður eigandi bifreiðarinnar [...] á umræddum degi, 26. 9. 2022.

Síðari ákæruliður

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem lögregluþjónn 3 skrifar undir, var lögregla send að starfstöð Frumherja við [...], 16. 2. 2023 kl. 08:48 vegna líkamsárásar. Á vettvangi hafi starfsmenn Frumherja tekið á móti lögreglu en meintur gerandi hafi verið farinn af vettvangi. Í skýrslunni er haft eftir C, starfsmanni Frumherja, að ákærði hafi verið mjög æstur og með ógnandi hegðun og farið fram á að hún myndi stimpla fyrir sig með tilteknum hætti. Hann hafi „verið á öskrinu“ og hafi hún vísað honum út. Maður sem setið hafi fyrir aftan ákærða og beðið afgreiðslu hafi staðið upp og beðið ákærða um að róa sig, en ákærði hafi snúið sér að manningnum, tekið í peysu hans og hrint honum á sóffa og tré sem þarna væru. Ákærði hafi því næst hlaupið út og lamið í rúðu. Í skýrslunni er haft eftir A að hann „hafi beðið manninn um að róa sig þegar hann var æstur við starfsfólk Frumherja. Hafði þá maðurinn snúið sér að sér og hrint honum með báðum höndum með því að ýta á bringusvæði þannig að A datt aftur fyrir sig á blómapott sem stóð þar við gluggann. A kvaðst vilja kæra. Honum var kynnt kærufæri sem hann kvaðst skilja og honum bent á að leita til læknis ef hann færi að finna til eymsla en hann kvaðst ekki finna til neins að svo stöddu.“ Samkvæmt lögregluskýrslu kom A á lögreglustöð 7. 3. 2023 og kærði þar ákærða fyrir líkamsárás.

Í málinu er upplýsingaskýrsla lögreglu um upptöku úr eftirlitsmyndavél Frumherja. Þar segir: „Á upptöku er [ákærði] klæddur í ljósa úlpu standandi við afgreiðsluborð og er að ræða við C starfsmann. [Ákærði] er með farsíma sinn í hægri hendi og er bendandi niður á afgreiðsluborðið með vinstri hendi þegar hann er að ræða við C. [Ákærði] virðist vera orðinn æstur þegar hann er að tala við C og sveiflar hægri

hendi út frá líkama sínum, í líkamstjáningu, við það sem [þeim] fer á milli. C bendir með vinstri hendi á útihurðina, líklegast til merkis að [ákærði] komi sér út. Í sófa bak við þau er A í grænni peysu með bláa húfu sitjandi í sófa og farinn að taka eftir látum við afgreiðsluborðið. D kemur þarna að og er til hliðar við C sem er að ræða við [ákærða]. [Ákærði] er að sýna við afgreiðsluglerið eitthvað í farsíma sínum til C. [Ákærði] sýnir tvisvar skjá farsímans hjá sér til C og er farinn að virka æstari í tali til hennar. C bendir aftur með vinstri hendinni að útidyrnunum til merkis um að [ákærði] eigi að fara. D kemur þarna nærri og gefur [ákærða] einnig merki um að fara með vinstri hendi. A er þá búinn að standa upp og leggur hægri hendi ofarlega á hægri hendi [ákærða] nálægt öxl. [Ákærði] snýr að A og hrindir með báðum höndum í bringuna á A sem fellur aftur fyrir sig á plöntuskreytingu og sófa sem er þarna nærri. [Ákærði] fer síðan út úr húsinu og D gengur á eftir og gefur aftur merki með vinstri hendi að [ákærði] eigi að koma sér út. [Ákærði] gengur út úr húsinu og sparkar með hægri fæti í rúðu á húsinu sem brotnaði ekki.“

Í málinu liggur læknisvottorð, dags. 24. 4. 2023. Undir vottorðið ritar E bráðalæknir. Vottorðið er á ensku en í þýðingu segir að A hafi komið á bráðamóttöku Landspítala kl. 10:16 hinn 16. 2. 2023. Hann hafi þreytt ökuþróf sama morgun. Þar „lenti annar aðili í rifrildi við starfsfólkið. Einstaklingurinn beitti handafli og skarst A í leikinn. Árásarmaðurinn ýtti honum í kjölfarið. Árásarmaðurinn lagði báðar hendur á bringuna á A og ýtti honum aftur og olli því að A féll aftur fyrir sig á gólfið. A stóð upp án þess að finna til nokkurs sársauka á þeirri stundu. Eftir á skalf hann og var í geðshræringu en tókst að ljúka við ökuþrófið. Að loknu þrófi, meðan hann sat enn í bílnum, fann hann til vaxandi sársauka í mjóbaki. Skoðun: A hreyfði sig hægt vegna sársauka í mjóbaki. Hann gat gengið stuðningslaust. Þegar hann var skoðaður á baki fundust engin sýnileg merki um meiðsl. Við þreifingu var A aumur á miðlínunni fyrir ofan fjórða og fimmta lendalið og við þreifingu á umlykjandi vöðvakerfi beggja megin. Hann gat beygt liðamót, teygt, snúið og skekkt á mjóbaki án þess að gera sársaukann verri. Við skoðun á skynjun, blóðflæði og vöðvanotkun í fótum reyndist allt eðlilegt. Ekki voru borin kennsl á önnur meiðsl á líkama. Rannsóknir: Engar blóðprufur voru teknar eða myndfærslur gerðar.“ Greiningar hafi verið mar á mjóbaki og mjaðmagrind, tognun og ofreynsla á lendahrygg. Í lok vottorðsins segir: „Meiðsl A eru í samræmi við að hafa oltið aftur fyrir sig á beran flöt. Töfin á að sársauki komi fram í mjóbaki er algeng. Læknisskoðun dugði til að

útiloka beinbrot á mænu eða öðrum beinum. Eymsl voru í samræmi við mar og vöðvatognun í mjólbaki.“

Önnur ákæra

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 2. 12. 2022, sem lögregluþjónn 5 skrifar undir var lögregluþjónninn ásamt lögregluþjónum 4, 6 og 7 með ákærða í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu hinn 1. 12. 2022 kl. 19:41, en þangað hefði ákærði verið færður eftir handtöku. Er lögregluþjónarnir hafi verið á leið úr klefanum hafi ákærði staðið upp og hrækt. Hafi lögregluþjónn 5 séð hrákann lenda á buxum lögregluþjóns 4 við hægra hné. Þá hafi lögregluþjónn 5 einnig heyrt lögregluþjón 6 „segja að hrákinn hefði einnig lent á buxum hans og sá hvar bleyta var á buxum hans fyrir ofan hægra hné.“ Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 5. 12. 2022, sem lögregluþjónn 4 skrifar undir, var lögregluþjónninn ásamt lögregluþjónum 5, 6 og 7 að færa ákærða í fangaklefa hinn 1. 12. 2022 kl. 19:41. Er lögregla hafi verið að fara úr klefanum hafi ákærði legið á maganum á dýnu. Er komið hefði verið úr klefanum hefðu aðrir lögregluþjónar bent lögregluþjóninum á að ákærði hefði „hrækt á okkur“. Hafi lögregluþjónninn þá séð hráka á hægra hné buxna sinna. Lögregluþjónninn hafi ekki séð ákærða hrækja. Samkvæmt skýrslu, dags. 2. 12. 2022, sem lögregluþjónn 6 skrifar undir, var lögregluþjónninn hinn 1. 12. 2022 að vinna að máli þar sem ákærði hafi verið vistaður. Er lögregla hafi verið að vista ákærða hefði ákærði hrækt í átt að lögregluþjóninum og hefði hráki að hluta hafnað á lögregluþjóninum „en að mestu á buxunum á“ lögregluþjóni 4, þar sem lögregluþjónn 6 hafi náð að færa sig frá. Samkvæmt skýrslu, dags. 5. 12. 2022, sem lögregluþjónn 7 skrifar undir, var lögregluþjónninn ásamt lögregluþjónum 4, 5 og 6 með ákærða í fangaklefa. Er lögregluþjónarnir hafi verið að yfirgefa klefann hafi ákærði staðið upp og hrækt. Lögregluþjónninn hafi ekki séð hann hrækja en séð „hann standa fljótlega upp og sá svo hvar hrákinn hafði lent á buxum [lögregluþjóns 4] við hægra hné.“ Þá hafi lögregluþjónninn séð „einnig bleytu á buxum“ lögregluþjóns 6.

Þriðja ákæra

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem lögregluþjónn 11 skrifar undir, barst lögreglu tilkynning um neyðarboð frá ráðhúsi [...], [...], kl. 09:46 hinn 24. 2. 2023. Þá segir í skýrslunni að lögregla hafi einnig haft vitneskju um að fleiri stofnanir í [...] hefðu fengið sprengjuhótun í tölvubréfi.

Í skýrslunni segir að lögregla hafi farið að ráðhúsinu. Þar hafi starfsmenn verið að yfirgefa bygginguna. F bæjarstjóri hafi upplýst lögreglu um að ákveðið hefði verið að rýma bygginguna. F hafi sýnt lögreglu tölvubréf sem sent hefði verið á netfang [...] og þar hefði staðið: „The place is rigged with explosives, your heads and hearts of your children will explode.“ Tölvupósturinn hafi komið frá netfanginu [...]. Lögregluþjónar hafi farið ásamt sérsveit og sprengjuleitarhundi um húsið. Leit hafi staðið frá kl. 11:20 til 12:10 en ekkert sagnæmt komið í ljós. Í skýrslunni segir að leikskólarnir G, H og I og lögreglustjórinn á [...] hafi kvöldið áður fengið samskonar tölvubréf frá sama netfangi.

Í lögregluskýrslu, dags. 24. 2. 2023, sem lögregluþjónn 8 skrifar undir, segir að þann dag hafi leikskólarnir G, H og I tilkynnt að þeir hafi kvöldið áður fengið sprengjuhótun úr sama netfangi. Í skýrslunni segir að lögregla hafi metið póstana ótrúverðuga en ráðlagt að hver starfsmaður kannaði sitt nærumhverfi og athugaði hvort þar væri nokkuð óeðlilegt eða óvenjulegt. Í framhaldi af því hafi verið ákveðið að bregðast ekki frekar við.

Samkvæmt gögnum málsins kom fram við rannsókn málsins að netfang það, er umrædd tölvubréf voru send úr, hefði verið stofnað 22. 2. 2023 og hefði nánar greind IP tala verið tengd stofnun netfangsins. Netfangið hefði verið notað í símtæki með nánar greindu IMEI númeri. Þá kemur fram í gögnum málsins að SIM kort símans hefði verið tengt nánar greindu símafyrirtæki á Ítalíu sem í gögnunum er sagt benda til þess að síminn hafi verið á Ítalíu þegar netfangið hafi verið stofnað.

Samkvæmt lögregluskýrslu var ákærði handtekinn 1. 3. 2023 við tollskoðun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en hann var þá að koma frá Mílanó á Ítalíu. Haldlagðir voru tveir símar er ákærði var með í fórum sínum. Í lögregluskýrslu, dags. 2. 3. 2023, sem lögregluþjónn 9 ritar undir, kemur fram að farsími, er ákærði hafði heimilað lögreglu að rannsaka, hefði sama IMEI númer og notað hafi verið við stofnun þess netfangs sem notað var við sendingu tölvupósta sem fjallað er um í málinu. Segir í skýrslunni að sé „þannig ljóst að þessi tiltekni farsími var notaður til að stofna netfangið“ sem um ræðir.

Skýrslur fyrir dómi

Fyrsta ákæra, fyrri ákæruliður

Ákærði kvaðst ekki hafa ekið umrætt sinn og ekki hafa verið eigandi umræddrar bifreiðar. Hann sagði lögreglu ekki hafa haft afskipti af sér á umræddum stað og stund.

Lögregluþjónn 1 ([...]) sagðist muna eftir málinu. Vitnið hefði gert vettvangsskýrslu málsins. Lögregla hefði stöðvað ökumanninn við akstur og rætt við hann. Hann hefði ekki framvísað ökuskírteini. Vitnið hefði ekki þekkt hann áður en borið saman við mynd í lögreglukerfi. Þetta hefði verið ákærði. Hann hefði ekki verið með skráð ökuréttindi.

Lögregluþjónn 2 ([...]) sagði lögreglu hafa stöðvað ökumann við akstur. Við uppflettingu hefði komið í ljós að hann hefði verið án ökuréttinda. Þar hefði verið mynd af honum. Um ákærða hefði verið að ræða. Vitnið staðfesti vettvangsskýrslu.

Fyrsta ákæra, síðari ákæruliður

Ákærði sagði að málatilbúnaður ákæruvaldsins væri allur falskur. Hann sagðist ekki vilja tjá sig um það sem væri falskt.

Vitnið A, brotþoli, sagðist hafa verið á vettvangi til að gangast undir ökupróf. Vitnið hefði beðið í móttökunni og verið í símanum þegar maður hefði komið inn og vitnið hefði heyrt „hvernig hann var að móðga konu sem var þar í móttökunni“. Aðrir starfsmenn hefðu farið út. Maðurinn hefði verið öskrandi. Vitnið hefði séð „að enginn er að gera neitt“ og hefði vitnið staðið upp og snert manninn með vinstri hönd sinni á öxl hans, eins og „til að snúa honum frá konunni“, og sagt honum að hætta. Maðurinn hefði ýtt vitninu frá af miklum krafti. Vitnið hefði dottið á sóffa sem þarna hefði verið og farið á plöntu við hlið hans og á gólfið. Plantan hefði brotnað. Vitnið hefði fengið verk í bakið af þessu. Eftir þetta hefði maðurinn farið. Lögregla hefði komið á vettvang skömmu síðar.

Spiluð var upptaka úr eftirlitsmyndavél af vettvangi. Vitnið sagðist kannast við sig á upptökunni og atburðarásina.

Vitnið C sagði ákærða hafa komið inn í afgreiðsluna hjá Frumherja. Þetta hefði verið snemma morguns og ákærði hefði verið „með svört sólgleraugu í niðamyrkri“. Ákærði hefði komið að borði vitnisins og farið fram á að fá „stimpil fyrir ökuréttindum án þess að hann taki nokkur próf“. Þetta hefði verið „ekki í fyrsta skipti sem hann er að koma inn og biðja um þetta sama“ og starfsmenn hefðu þekkt hann. Ákærði hefði orðið „mjög fljótt pirraður og fer að kalla einhver ókvæðisorð“. Vitnið hefði leiðbeint ákærða sem hefði verið „endalaust að biðja um þennan stimpil og svo réttir hann svona hendina

eitthvað upp og segir annað hvort ‚fuck you‘ eða ‚fuck this‘, eða eitthvað, og þá stendur A sem sagt upp og tekur svona aftan í úlpuna hans einhvern veginn, og þá snýr [ákærði] sér við og tekur [um hálsmál] A og svona hálfpartinn lyftir honum upp og kastar honum svona aftur fyrir sig og hann lendir þarna á pottaplöntu sem við erum með í afgreiðslunni, og, ég sé ekki alveg nákvæmlega, einhvern veginn í sóffanum.“ Í kjölfar þessa hefðu vinnufélagar vitnisins komið fram í afgreiðsluna og ákærði farið út „og annað hvort kýlir eða sparkar í rúðuna fyrir utan hjá okkur og fer svo.“

Vitnið sagði að ákærði hefði verið rólegur í upphafi en orðið fljótt æstur.

Vitnið sagði að A hefði „alls ekki“ verið að ráðast á ákærða. „Það var eins og hann hafi ætlað að stoppa hann af í þeirri hegðun sem hann var að sýna þarna.“

Vitnið D starfsmaður Frumherja, sagðist hafa verið á starfstöðinni, bak við skilrúm. Vitnið hefði heyrt afgreiðslukonuna C „vera í einhverjum orðaskiptum við mann“. Vitnið hefði farið „fram fyrir, til að fylgjast með, og þar er umræddur maður og mjög heitt í hamsi að reyna að fá stimpil í ökunámsbókina sína, stimpil sem hann átti ekki rétt á“. Maðurinn hefði verið „verulega ósáttur“ og „hækkaði rödd sína og var svona ógnandi“. C hefði verið búin að biðja manninn um að fara út en hann hefði ekki hlýtt því. Vitnið hefði sagt honum að fara út en maðurinn hefði ekki orðið við því. Fyrir aftan manninn hefði maður setið „og ákveður að veita okkur liðsinni og kemur þarna að og talar við manninn og biður hann bara vinsamlegast að fara út, og við það snýr hann sér að honum og veitir honum svona þungt högg, eða ýtir þungt framan á brjóstkassann á manninum og við það fellur hann aftur fyrir sig á sófa og stórt blóm sem var þarna fyrir aftan.“ Vitnið hefði þá gengið í átt að hinum manninum „og ítreka við hann að hypja sig út og hann gerir það nú“. Fyrir utan hefði maðurinn öskrað ókvæðisorð og lamið í rúðu. Eftir það hefði verið hringt til lögreglu.

Vitnið sagði aðspurt að brotþoli hefði „alls ekki“ verið að ráðast gegn ákærða. Hann hefði verið „mjög kurteis og prúður“.

Vitnið E, læknir á neyðarmóttöku, sagði brotþola hafa hafa komið á neyðarmóttöku kl. 10:16. Vitnið hefði sinnt honum. Brotþoli hefði kvartað undan verk neðarlega á hrygg og vitnið hefði skoðað hann samkvæmt því. Brotþoli hefði sagt að sér hefði verið hrint og hann fallið aftur fyrir sig og lent á hryggnum. Við skoðun hefði vitnið ekki séð mar eða neitt annað á húð brotþola sem bent hefði til skaða. Á hinn

bóginn hefði brotaþoli verði aumur og kvalinn í kring um hrygginn. Brotaþoli hefði getað framkvæmt allar eðlilegar hreyfingar, svo sem að beygja sig og teygja. Taugarannsókn hefði leitt í ljós eðlileg taugaviðbrögð. Ekki hefði verið ástæða til að gera ráð fyrir að [varanlegum skaða] á hrygg eða svæðinu þar fyrir neðan. Vitnið sagði aðspurt að niðurstöður skoðunar gætu „passað mjög vel miðað við það að falla aftur fyrir sig á hrygginn.“ Borið var undir vitnið það sem í vottorði greinir, að við skoðun hafi ekki verið sýnileg merki um meiðsli en greiningar verið um mar á mjóbaki og mjaðmagrind og tognun og ofreynsla á lendarhrygg, og var vitnið spurt hvort greiningin væri alfarið byggð á lýsingu brotaþola á líðan sinni. Vitnið sagði að svo væri ekki, við skoðun hefðu verið ummerki um tognun vefja á svæðinu. Ekki hefði verið mar á húð heldur mar á vöðva undir húðinni.

Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Lögregluþjónn 3 ([...]) sagðist hafa komið á vettvang og rætt við vitni. Ákærði hefði þá verið farinn af vettvangi. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Önnur ákæra

Ákærði kvaðst ekki muna eftir þessu.

Lögregluþjónn 4 ([...]) sagði að lögregla hefði verið búin að færa ákærða í fangaklefa og verið á leið þaðan út þegar ákærði hefði hefði risið upp „og greinilega hrækir á“ vitnið. Sjálfst hefði vitnið ekki séð það en aðrir lögregluþjónar hefðu bent vitninu á að hráki væri á buxum þess. Vitnið sagðist ekki muna hversu margir lögregluþjónar hefðu verið á vettvangi, en hugsanlega „fjórir til sex“.

Vitnið sagði að lögregluþjónarnir hefðu reynt að flýta sér úr klefanum því ákærði hefði verið „ógnandi og með stæla“.

Uptaka úr búkmyndavél lögreglu var spiluð og kvaðst vitnið kannast við atburðarásina. Þar kæmi fram er vitninu hefði verið bent á hrákann á buxum þess.

Lögregluþjónn 5 ([...]) sagði að ákærði hefði verið færður í fangaklefa og þegar lögregla hefði verið „að bakka út þá stendur hann upp og snýr sér við og hrækir“. Vitnið sagði að hrákinn hefði lent á buxum lögregluþjóns 4. Vitnið hefði séð ákærða hrækja og

hrákann lenda á buxum lögregluþjóns 4. Vitnið hefði tekið mynd af hrákanum á buxunum. Vitnið staðfesti skýrslu.

Lögregluþjónn 6 ([...]) sagði að ákærði hefði verið kominn í fangaklefa. Lögregla hefði verið að taka af honum handjárn, vitnið hefði haldið um hendur hans þegar járnin hefðu verið losuð. Í framhaldinu hefði ákærði snúið sér við og hrækt í áttina að lögregluþjónunum og hefði hrákinn lent á lögregluþjóni 4. Nánar spurt sagði vitnið að það hefði séð ákærða hrækja, en kvaðst ekki muna hvort það hefði séð hrákann lenda á lögregluþjóni 4 eða eingöngu séð hráka á buxum lögregluþjónsins.

Vitnið staðfesti skýrslu.

Lögregluþjónn 7 ([...]) sagði að ákærði hefði verið í fangaklefa og lögregla verið að loka klefanum. Ákærði hefði staðið upp. Vitnið hefði ekki séð hann hrækja en hafa séð hráka á buxum lögregluþjóns 4. Vitnið staðfesti skýrslu.

Þriðja ákæra

Ákærði sagðist ekki hafa verið að verki, lögreglan væri að falsa málið.

Ákærði kvaðst ekkert vita um þetta mál. Spurður um það netfang sem í ákæru greinir sagðist ákærði ekkert vita um það.

Ákærði var spurður hvort lögregla hefði handtekið hann við komu til Íslands 1. 3. 2023 og neitaði hann því.

Lögregluþjónn 8 ([...]) kvaðst hafa verið stjórnandi á vakt þegar tilkynnt hefði verið um sprengjuhótun í ráðhúsinu. Einnig hefði verið hótad sprengjum á leikskólum og lögreglu hefði verið sendur póstur með sprengjuhótun. Vitnið hefði farið yfir málið og í framhaldinu metið hótanirnar ótrúverðugar. Vitnið sagði að bæjarstjóri hefði verið búinn að ákveða að rýma ráðhúsið áður en lögregla hefði komið að málinu. Lögregla hefði farið á vettvang og sprengjuleitarhundur farið um húsið.

Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Lögregluþjónn 9 ([...]) sagði rannsókn hafa leitt í ljós hvenær og hvar netfang það sem hótanirnar hefðu verið sendar út hefði verið stofnað. Í ljós hefði komið að við það hefði verið notaður sími sem verið hefði í fórum ákærða og haldlagður við komu hans til landsins. Af þessu mætti ráða „að þessi tiltekni sími var notaður til að stofna þetta

netfang og senda þessa tölvupósta“. Gögn málsins hefðu bent til þess að þetta hefði verið gert á Ítalíu. Vitnið sagði að gögn hefðu einnig bent til þess að nokkur önnur netföng hefðu verið stofnuð í símanum.

Vitnið staðfesti skýrslur sínar.

Lögregluþjónn 10 ([...]) sagði að umrætt tölvubréf, sem fjallað er um í fyrri ákærulið, hefði verið sent á opinbert netfang lögreglustjóraembættisins á [...]. Strax hefði vaknað grunur um að ákærði hefði verið að verki. Vitnið sagði að slíkt hefði áður komið fyrir og embættið hefði þekkt „vel til hans“. Ákærði hefði einnig ítrekað komið á lögreglustöð „og haft í þessum hótunum“.

Vitnið sagði að upplýsingar hefðu legið fyrir um að ákærði væri ekki á landinu. Þegar hann hefði komið aftur til landsins hefði hann verið handtekinn.

Vitnið sagði að umrætt netfang lögreglustjóra væri ekki ætlað til að taka á móti neyðartilkyrningum.

Lögregluþjónn 11 ([...]) sagðist hafa farið á vettvang í ráðhúsi [...] vegna sprengjuhótunar. Bæjarstjóri hefði verið búinn að láta rýma húsið og hefðu starfsmenn ekki snúið aftur þann dag. Lögregla hefði leitað í húsinu án árangurs. Tölvupóstur með hótuninni hefði síðar verið rakinn til ákærða. Vitnið staðfesti skýrslu.

F bæjarstjóri sagðist hafa verið á leið í ráðhúsið þegar hringt hefði verið til sín úr þjónustuveri bæjarins og sagt frá sprengjuhótun sem komið hefði í netfang bæjarins. Vitnið hefði mælt fyrir um að ráðhúsið yrði rýmt þegar í stað og að hringt yrði til lögreglu. Þetta hefði verið gert. Þegar vitnið hefði komið þangað fáum mínútum síðar hefðu fyrstu starfsmenn verið á leið út og búíð að hringja til lögreglu. Lögregla hefði komið á vettvang og fengið sprengjuleitarhóp þangað. Leitað hefði verið í húsinu. Hefðu þá verið liðnar tvær eða tvær og hálf klukkustund frá því vitnið hefði fengið að vita af hótuninni. Reynt hefði verið að ná til starfsmanna, einhverjir hefðu komið aftur en öðrum verið brugðið og þeir ákveðið að koma ekki fyrr en daginn eftir.

Vitnið sagði að um [...] störfuðu í ráðhúsinu.

Vitnið sagði að umrætt netfang bæjarins væri almennt netfang.

Niðurstaða

Fyrsta ákæra, fyrri ákæruliður

Lögregluþjónar 1 og 2 komu fyrir dóm og staðfestu skýrslu. Báðir lögregluþjónarnir sögðu að ákærði hefði verið við akstur umrætt sinn. Samkvæmt gögnum frá Samgöngustofu var ákærði skráður eigandi bifreiðarinnar. Með dómi 31. 3. 2023 staðfesti Landsréttur dóm þar sem ákærði var meðal annars sakfelldur fyrir akstur án þess að hafa fengið ökuréttindi. Hefur ekkert komið fram um að ákærði hafi fengið ökuréttindi frá því þau atvik þess máls urðu. Hefur ákærvaldið fært fram lögfulla sönnun fyrir sekt ákærða og háttsemi hans er rétt færð til refsheimildar.

Fyrsta ákæra, síðari ákæruliður

Skýrslur A og vitnanna C og D hafa verið raktar. A kveðst hafa farið að ákærða og snert hann, til að snúa honum frá afgreiðslukonunni. Ákærði hafi þá ýtt honum frá af miklum krafti. C segir A hafa tekið aftan í úlpu ákærða sem hefði snúið sér við og tekið um hálsmál A og kastað honum þannig að hann hefði lent á pottaplöntu sem verið hefði í afgreiðslunni. D segir A hafa beðið ákærða um að fara út og ákærði snúið sér að A og veitt honum þungt högg eða ýtt þungt framan á brjóstakassa hans. Skýrslur þeirra veita ákærunni mikla stoð. Fyrir liggur upptaka úr öryggismyndavél og veitir hún ákærunni mikla stoð. Vottorð og skýrsla E bráðalæknis taka ekki af nein tvímæli um atburðarásina, en í vottorðinu segir að meiðsl A séu „í samræmi við að hafa oltið aftur fyrir sig á beran flöt.“ Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hefur verið færð fram lögfull sönnun fyrir sekt ákærða samkvæmt ákæruliðnum og er háttsemi hans rétt færð til refsheimildar.

Önnur ákæra

Lögregluþjónn 5 sagði fyrir dómi að hann hefði séð ákærða hrækja og hrákann lenda á buxum lögregluþjóns 4. Lögregluþjónn 6 sagðist hafa séð ákærða hrækja. Lögregluþjónninn sagði hrákann hafa lent á lögregluþjóni 4 en kvaðst ekki muna hvort hann hefði séð hrákann lenda þar eða eingöngu hafa séð hrákann þangað kominn. Lögregluþjónn 4 sagðist ekki hafa séð ákærða hrækja en sagði að aðrir lögregluþjónar hefðu bent á hráka á buxum hans. Lögregluþjónn 7 sagðist hafa séð hráka á buxum lögregluþjóns 4. Fyrir liggur upptaka úr búkmyndavél lögreglu. Af henni verður ráðið að ákærði hafi verið í miklu uppnámi. Ekki verður talið að sjáist á upptökunni að ákærði hafi hrækt á lögregluþjóninn, en hljóð heyrir sem verður að telja benda til að hrækt hafi verið og í framhaldi bendir lögregluþjónn og segir: „Hann hrækti hérna á buxurnar

þínar“. Þegar á allt framanritað er horft verður að telja ákærvaldið hafa fært lögfulla sönnun fyrir sekt ákærða og er háttsemi hans rétt færð til refsheimildar.

Þriðja ákæra

Fyrir liggja útprentuð tölvubréf, annars vegar þess efnis sem rakið er í fyrri ákærulið og hins vegar þess efnis sem rakið er í síðari ákærulið. Samkvæmt útprentunum voru hvor skilaboðin um sig send 23. 2. 2023 frá því netfangi sem í ákæru greinir. Samkvæmt rannsóknargögnum var netfangið stofnað með þeim síma sem haldlagður var í fórum ákærða við komu hans frá Ítalíu 1. 3. 2023. Samkvæmt rannsóknargögnum eru vísbendingar um að síminn hafi verið á Ítalíu þegar skilaboðin voru send. Þegar á þetta er horft þykir verða að leggja til grundvallar að skilaboðin hafi verið send úr síma ákærða. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að annar en hann hafi gert það. Verður að leggja til grundvallar að ákærði hafi sent skilaboðin. Augljóst er að á lögreglustöð og í ráðhúsinu er þess að vænta að staddir séu opinberir starfsmenn að sinna starfi sínu. Skilaboð á þá leið sem rakið hefur verið, um sprengjur á nánar greindum stöðum, verður að skilja sem hótun en ekki aðeins saklausar upplýsingar. Breytir þar engu þó netföng lögreglustjórans og sveitarfélagsins hafi ekki verið sértaklega ætluð til að taka við neyðartilkygningum. Um mun að ræða opinber netföng, ætluð þeim sem töldu sig eiga erindi við annars vegar lögregluna á [...] og hins vegar [...]. Þá breytir engu þó niðurstaða lögreglu hafi orðið sú að taka erindi til sín ekki alvarlega, en texti þess var til þess fallin að vekja ótta viðtakenda. Má hér, eftir því sem við á, horfa til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 508/2015, þó þar hafi verið fjallað um brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga. Að því er varðar skilaboðin sem send voru [...] urðu þau til þess að bæjarstjóri mælti fyrir um rýmingu og kallað var á lögreglu sem fór á vettvang og leitaði af sér allan grun. Þegar á allt framanritað er horft verður að telja að ákærvaldið hafi fært lögfulla sönnun fyrir sök ákærða samkvæmt ákærinni og er háttsemi hans rétt færð til refsheimilda.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann 19. 12. 2017 dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 31. 3. 2023 var ákærði í Landsrétti dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 217., 231., 1. mgr. 232., 1. mgr. 257., 1. mgr. 106., 120. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, c lið 2. mgr. 30. gr. vopnalaga, 3., 4. og 5. gr. reglugerðar um sóttkví, einangrun o. fl., og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga en ákærði hafði ekið án þess að hafa fengið ökuréttindi.

Staðfesti Landsréttur sakfellingu héraðsdóms frá 19. 6. 2022 vegna þessara atriða. Brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlagabrotið hafði ákærði verið sakfelldur fyrir með útvistardómi 10. 9. 2020 en sá dómur var endurupptekinn og málið sameinað því máli sem dæmt var 19. 6. 2022.

Þau brot sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, eiga það sameiginlegt að hann hefur áður verið sakfelldur fyrir samskonar brot, en með dómi Landsréttar 31. 3. 2023 var hann meðal annars sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 106., 120. og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Verður að horfa til þessa, sbr. meðal annars 3. mgr. 106. gr. laganna. Ljóst er af upptöku að ákærði var í miklu uppnámi þegar brot hans samkvæmt annarri ákæru var framið og má horfa til þess, þó það geri háttsemi hans ekki refsilausa. Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í fjórtán mánuði með frádrætti svo sem í dómsorði greinir. Ákærða verður gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Stefáns Ragnarssonar lögmanns, 1.080.040 krónur með virðisaukaskatti, en annar sakarkostnaður mun ekki hafa fallið til. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Friðrik Smári Björgvinsson aðstoðarsaksóknari með málið.

Dómsorð:

Ákærði, Mohamad Kourani, sæti fangelsi í fjórtán mánuði. Frá refsingunni skal draga með fullri dagatölu gæzluvarðhald sem ákærði sætti frá 2. 3. 2023 til 3. 5. 2023.

Ákærði greiði 1.080.040 króna málsvarnarlaun Stefáns Ragnarssonar lögmanns, verjanda síns.

Þorsteinn Davíðsson